



Fréttabréf

Naustaskóla

- Naustaskóli við Hólmatún - www.naustaskoli.is - agust@akureyri.is -

2. tölublað, 2. árgangur,

10. maí 2009

Ábygðarmaður: Ágúst Jakobsson

Nemendum fjölgar:

Þeir nemendur sem nú hafa verið innritaðir í skólann skiptast þannig á árganga:

1. bekkur: 36 nemendur
2. bekkur: 25 nemendur
3. bekkur: 20 nemendur
4. bekkur: 15 nemendur
5. bekkur: 15 nemendur
6. bekkur: 14 nemendur
7. bekkur: 9 nemendur

Alls 134 nemendur

Skólabyrjun í haust

Skólinn hefst með viðtölum umsjónarkennara við foreldra og nemendur 24. og 25. ágúst. Kennsla hefst svo miðvikudaginn 26. ágúst.

Foreldrum munu berast boðanir í viðtölin upp úr miðjum ágúst en í þeim gefst tækifæri til að ræða í góðu tómi við kennara, skoða húsnæðið og leggja línurnar fyrir veturinn.

Ágætu foreldrar/forráðamenn og nemendur

Skyndilega er komið vor og farið að stytast verulega í að Naustaskóli taki til starfa. Af undirbúningi starfsins er í raun allt gott að fréttu, búið er að ráða deildarstjóra og kennara (sjá kynningu aftar í fréttabréfinu) og aðrir starfsmenn verða ráðnir á næstu vikum. Kennarahópurinn er að hefja sinn undirbúning og vonandi verðum við búin að stilla vel saman strengi okkar þegar starfið hefst fyrir alvöru í haust.

Framkvæmdir við húsnæðið eru nokkuð á eftir áætlun, þó ekkert hættulega og er enn stefnt að afhendingu hússins í júlí. Lóðaframkvæmdir eru nú komnar á fullt og verður gervigrasvöllurinn, sem margir bíða eftir, vonandi tilbúinn í júnímánuði. Þó að enn sé mikið óunnið í húsnæðinu er nú loks komið að því að hægt er að sýna það og verður það gert næstkomandi sunnudag, 17. maí (sjá hér að neðan), en auk þess er stefnt að því að hafa húsið opið til skoðunar í tengslum við hverfishátið Naustahverfis sem áformuð er 11. júní nk.

Lagðar hafa verið línur um samstarf við Naustatjörn en stefnt er að því að stofnanirnar hafi með sér náð samráð og samstarf. Ákveðið hefur verið að einni deild verði bætt við leikskólann og mun hún verða staðsett í húsnæði Naustaskóla. Hefur deildinni verið gefið nafnið Fífilbrekka og mun hún hefja starfsemi þann 18. ágúst. Þá er ákveðið að eldhús Naustatjarnar muni annast matreiðslu fyrir okkur fyrstu árin. Finna má áætlun um samstarf skólanna á heimasíðu Naustaskóla; http://www.naustaskoli.is/news/samstarf_vid_naustatjorn/

Eins og sjá má hér til hliðar hafa innritanir í skólann farið fram úr áætlunum og gerum við nú ráð fyrir að 130-140 nemendur hefji nám við skólann í haust. Eftir 10. júní munu foreldrar geta nálgast nemendalista skólans í gegnum mentorkerfið eins og flestir þekkja.

Skóladagatal fyrir næsta vetur er til meðferðar hjá skólanefnd og verður birt innan skamms. Starfið hjá okkur í haust hefst með viðtölum en við munum leggja mikið upp úr því í byrjun að kynnast og hafa gaman saman, með útiveru og notalegri skólabyrjun.

Það lítur því allt vel út fyrir haustið hjá okkur og ekki ástæða til að ætla annað en að við fáum fljúgandi start í Naustaskóla!

Bestu kveðjur, Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Opið hús !

Sunnudaginn 17. maí kl. 15-17 verður opið hús í



Naustaskóla þar sem foreldrum og nemendum gefst tækifæri til að skoða húsnæðið í fylgd starfsmanna skólans. Athugið að auðveldasta aðkoman að húsinu

er sunnanfrá (frá Lækjartúni) og gengið er inn í bygginguna um bráðabirgðainngang við suðausturhorn skólans.

Kynningarfundur fyrir 1. bekk

Kynningarfundur fyrir 1. bekk (árgang 2003), verður haldinn þriðjudaginn 19. maí kl. 17:00 á leikskólanum Naustatjörn. Þar mun skólastjóri kynna skólann og þann hluta starfsins sem snýr að 1. bekk sérstaklega og tveir af tilvonandi kennurum 1. bekkjar munu ræða málin við nemendur og kynnast þeim örlítið...

N ámsaðlögur
A thvarf
U mhyggja
S amvinna
T áp og fjör
A llir með!
SKÓLI

Kynning á starfsfólki skólans

Gengið hefur verið frá ráðningu deildarstjóra og kennara við skólann. Alls bárust 18 umsóknir um stöðu deildarstjóra og 68 umsóknir um kennarastöðu þannig að ekki skorti umsóknir og sannarlega full ástæða til að trúa að hér sé um að ræða einvalalið!

Hér er að finna örstutta kynningu á starfsmönnum;



Bryndís Björnsdóttir mun gegna stöðu deildarstjóra við skólann. Hún útskrifaðist sem þroskaþjálfari 1987, með B.A. próf í sérkennslufræðum frá KHÍ 1994 og með M.Ed. gráðu í menntunarfræðum frá HÍ snemma árs 2009. Hún starfaði sem þroskaþjálfari og kennari við Grunnskólann í Ólafsfirði 1987-1995, sem þroskaþjálfari og sérkennari við Síðuskóla 1995-1998, vann sem einhverfuráðgjafi og við undirbúning stofnunar sérdeildar í Síðuskóla fyrir einhverf börn 1998-1999, hún stýrði þeirri deild 1999-2006 og hefur verið fagstjóri í sérkennslu í Síðuskóla frá 2007. Í lokaritgerð hennar til M.Ed. gráðu fjallaði hún um áhrifaþætti á vinnubrögð kennara með fjölbreyttum nemendahópum.



Ása Katrín Gunnlaugsdóttir er fædd árið 1981. Hún er grunnskólakennari, með B.Ed. próf frá H.A. 2006. Er auk þess förðunarfræðingur. Hefur kennt við Hlíðarskóla undanfarin ár en hefur einnig starfað sem skíðakennari, við liðveislu o.fl. Áformað er að hún verði umsjónarkennari í 6.-7. bekk og kenni auk þess handmennt.



Brynja Dögg Hermannsdóttir er fædd árið 1979. Hún er grunnskólakennari með B.Ed. próf frá KHÍ 2004, er nú búsett í Danmörku og stundar m.a. dönskunám. Kenndi við Rimaskóla í yngri bekkjum og á unglíngastigi, hefur einnig starfað á leikskólanum Flúðum og víðar. Áformað er að hún verði umsjónarkennari í 1. bekk.



Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson er fæddur árið 1975. Hann er grunnskóla- og framhaldsskólakennari, með B.Ed. próf frá HA 2008 og BA próf í mannfræði frá HÍ 2007. Hefur auk þess stundað söngnám o.fl. Er nú kennari við Lundarskóla en hefur afar fjölbreytta reynslu að baki, hefur starfað víða um lönd og hefur auk kennslunnar starfað sem stuðningsfulltrúi og starfsmaður félagsmiðstöðvar. Áformað er að hann kenni 2.-3. bekk og heimilisfræði.



Halla Jóhannesdóttir er fædd árið 1965. Hún er grunnskólakennari með B.Ed. próf frá KHÍ 1993. Hefur auk þess stundað söngnám o.fl. Hún hefur kennt við Kirkjubæjarskóla, Grunnskóla Ólafsfjarðar og nú síðustu árin við Brekkuskóla en hefur auk þess starfað á leikskóla og víðar. Áformað er að hún kenni 2.-3. bekk, myndmennt o.fl.



Heimir Örn Árnason er fæddur árið 1979. Hann er grunnskólakennari með B.Ed. próf frá KHÍ 2006. Hefur áður kennt í Lundarskóla en nú sl. 4 ár í Ingunnarskóla þar sem hann er stigstjóri í 4.-5. bekk. Áformað er að hann kenni 4.-5. bekk auk íþróttá o.fl.



Hjördís Óladóttir er fædd árið 1974. Hún er grunnskólakennari með B.Ed. próf frá KHÍ 2002 en hefur auk þess að baki nám í heimspeki við Háskólann í Tromsö. Hefur kennt við Ártúnsskóla, Áslandsskóla og Brekkuskóla. Áformað er að hún kenni 2.-3. bekk auk upplýsingatækni o.fl.

Kynning á starfsfólki skólans



Hrafnhildur Georgsdóttir er fædd árið 1976. Hún er grunnskólakennari með B.Ed. próf frá KHÍ 2000, próf í markaðsfræði frá Berkeley University – Hong Kong 2003, stundaði einnig nám við The art school of Hong Kong. Hefur kennt við Hrafnagilsskóla, Giljaskóla og kennir nú við Oddeyrarskóla. Áformað er að hún kenni 1. bekk auk ensku o.fl.



Karl Hallgrímsson er fæddur árið 1973. Hann er grunnskólakennari með B.Ed. próf frá KHÍ 1997. Hefur kennt m.a. við Grundaskóla, Grunnskóla Bolungarvíkur og Grunnskóla Bláskógabyggðar en auk þess sinnt ýmsum störfum. Hefur mikla reynslu af tónmenntakennslu og vinnu með tónlist í skólastarfinu. Áformað er að hann kenni 6.-7. bekk auk tónmenntar o.fl.



Lilja Þorkeldsdóttir er fædd árið 1968. Hún er grunnskólakennari með B.Ed. próf frá HA 2008. Kennir við Brekkuskóla en hefur einnig að baki mikla reynslu sem starfsmaður leikskóla og grunnskóla sem leiðbeinandi og stuðningsfulltrúi. Áformað er að hún kenni 1. bekk.



Sigurlaug Jónsdóttir er fædd árið 1957. Hún er grunnskólakennari með B.Ed. próf frá KHÍ 1989 og viðbótarnám í listgreinum frá sama skóla 2002-2003. Hefur kennt við Grunnskóla Hellissands, Grunnskóla Ólafsvíkur, Foldaskóla og Öskjuhlíðarskóla þar sem hún hefur undanfarin 3 ár gegnt stöðu deildarstjóra. Áformað er að hún kenni 4.-5. bekk o.fl.



Örlygur Þór Helgason er fæddur árið 1978. Hann er grunnskólakennari/ framhaldsskólakennari með B.Sc. próf í íþróttifræðum frá KHÍ 2004, en stundar nú framhaldsnám í stjórnun menntastofnana við HA. Hefur auk þess lokið miklum fjölda námskeiða sem varða kennslu og þjálfun. Hefur kennt við Brekkuskóla en hefur auk þess fjölþætta reynslu af starfi með börnum og unglingum m.a. sem forstöðumaður Íþrótt- og tómstundaskóla KA, sem yfirþjálfari yngri flokka, hefur kennt á þjálfaranámskeiðum ÍSÍ og starfað sem framkvæmdastjóri KA. Áformað er að hann kenni íþróttir o.fl.

Nú nýverið voru auglýst störf umsjónarmanns og ritara við skólann og er umsóknarfrestur um þau til 22. maí. (Sjá; http://www.naustaskoli.is/news/storf_umsjonarmanns_og_ritara/)

Á allra næstu dögum verður svo auglýst eftir skólaliðum, forstöðumanni og starfsfólki í frístund, stuðningsfulltrúa og iðjuþjálfra.

Nokkrir hafa haft orð á því upp á síðkastið að sumar hliðar skólabyggingarinnar séu fallegri en aðrar, eða með öðrum orðum, þær hliðar sem klæddar eru með bárujárni þykja ljótar :) Þá er hægt að hugga sig við að þeir veggir eru einmitt til bráðabirgða því að þarna mun 2. áfangi byggingarinnar koma með tíð og tíma!

